

Sp. 210. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]
um samgöngur við Færeyjar.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Eysteinn Jónsson, Birgir Kjaran, Lúðvík Jósefsson,
Benedikt Gröndal, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að samgöngur milli Íslands og Færeyja verði sem bestar. Jafnframt verði keppt að því að efla samskiptin við Færeyinga bæði á sviði viðskipta- og menningarmála.

Greinargerð.

Fregnir hafa borizt af því, að breytingar kunni að verða á Færeyjaflugi. Í sambandi við þær breytingar er nauðsynlegt að tryggja, að ferðir milli Íslands og Færeyja verði sem örastar og bestar. Flugsamgöngurnar undanfarin ár hafa leitt til aukinna samskipta milli Færeyinga og Íslendinga, en samvinna þjóðanna bæði á sviði viðskipta- og menningarmála mundi geta orðið Íslendingum og Færeyingum til margvíslegs gagns.

Tíðar samgöngur milli Íslands og Færeyja eru frumskilyrði þess, að samvinna og viðskipti geti aukizt með eðlilegum hætti. Þess vegna er rétt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir samvinnu við færeysk og dönsk stjórnarvöld, og eftir atvikum stjórnarvöld annarra þeirra þjóða, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi samgöngur við Færeyjar, til þess að tryggja sameiginlega hagsmuni af örum og góðum samgöngum milli þjóðanna.

Ekki er vansalaust, hve lítil samskipti Íslendinga og Færeyinga hafa lengst af verið. Verður fremur að telja það sök Íslendinga en Færeyinga, að ekki hefur tekizt nánara samband milli þjóðanna. Bæði eru Íslendingar fjölmennari en Færeyingar, en auk þess eru Færeyingar í þjóðbraut, er haldið er frá Íslandi til Evrópulanda. Er tímabært, að Íslendingar sýni í verki vilja sinn til nánari samskipta við Færeyinga.